

Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson Náttúrustofu Vestfjarða.

## **Fuglalíf fyrir og eftir þverun í Önundarfirði og Dýrafirði**

Önundarfjörður og Dýrafjörður voru brúaðir 1980 og 1991. Gerðar voru nokkuð ítarlegar náttúrufarskannanir í þessum fjörðum fyrir þverun, sem gerir það mögulegt kanna að hvort umtalsverðar breytingar hafi orðið á náttúrufari. Rannsóknarsjóður Vegagerðarinnar hefur styrkt að slík könnun færi fram og hófust athuganir árið 2003. Fyrsti hluti þessarar athugana fjallar um fuglalíf. Fuglar voru skoðaðir vor, sumar og haust og notaðar voru sömu rannsóknaraðferðir og áður til að tryggja að niðurstöður væru sambærilegar. Bornar voru saman athuganir á rauðbrystingi og sanderlu og varð ekki vart við fækkun hjá þessum tegundum. Jaðrakán hefur fjölgað á svæðinu og er það sambærilegt við fjölgun annarstaðar á landinu. Kríur og hettumáfar nota svæðin töluvert fyrir innan brú í fjörðunum, bæði á vorin og síðsumars. Stelkur er einn algengasti varpfuglinn í Önundarfirði og er hann áberandi á leirunum allt sumarið. Æðarfugli virðist hafa fækkað fyrir innan brú í Önundarfirði en það má rekja til breytinga á æðarbúskap. Þessar niðurstöður benda ekki til umtalsverðra breytinga á fuglalífi.